

(B. XXVII, 1).

**Nd.**

**50. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar í Hindisvík á Vatnsnesi við Húnaflóa.

Flutningsmaður: Þórarinn Jónsson.

1. gr.

Í Hindisvík í Þverárhreppi í Vestur-Húnavatnssýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarióðarinnar samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ástæður.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ályktun á þingmálafundi í Vestur-Húnavatnssýslu í síðastliðnum janúarmánuði, og verða nánari rök færð fram við flutning málsins.